

Fundargerð fræðsluráðs

158. fundur fræðsluráðs þriðjudaginn 3. mars kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.

Mætt á fundinn Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður og Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður.

Esther Hermannsdóttir boðaði forföll.

Fundarritari: G. Kristín Ólafsdóttir

Dagskrá:

1. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra mætir á fundinn kl. 15:00. Hugmyndir að skóladagatali, breytingar á valgreinum, betri tenging við þarfir samfélagsins og uppbygging á þjónustu við nemendur utan starfstíma skóla, vinna við útboð á skólaakstri.
2. Önnur mál.

1. Formaður býður Sigurð velkominn á fundinn. Fyrst voru lögð fram drög að skóladagatali 2015-2016. Umræður um breytingar. Starfsmannamál skólans rædd, ýmsar hugmyndir ræddar varðandi breytingar á starfsemi og samstarf fleiri aðila að vori og sumri. Því næst rætt um útboð skólaaksturs sveitarfélagsins. Ýmis atriði rædd og þarf að skýra nokkur atriði áður en útboð verður sent út. Rætt um kennslufyrirkomulag á Borðeyri. Breytingar ræddar á föstum kennsludögum. Ráðinu líst vel á þær hugmyndir sem fram komu hjá skólastjóra. Formaður þakkar Sigurði komuna á fundinn.

2. Önnur mál.

Bréf frá Elinborgu Sigurgeirsdóttur skólastjóra Tónlistarskólans dagsett 2. mars 2015. Ráðið þakkar fyrir bréfið. Þar kemur fram að Daníel Geir Sigurðsson og Ellinore Anderson sækjast eftir ráðningu næsta vetur. Ráðið fagnar því að ungt og fagmenntað fólk vilji koma og starfa við skólann. Við felum skólastjóra Tónlistarskólans að kanna möguleika á ráðningu þeirra svo lengi sem það rúmist innan fjárhagsáætlunar Tónlistarskólans.

Bréf frá Elinborgu Sigurgeirsdóttur skólastjóra Tónlistarskólans dagsett 18. febrúar 2015. Ráðið þakkar fyrir bréfið. Þar ræðir hún um húsnæðisvanda Tónlistarskólans. Ráðið felur sviðsstjóra fræðslu- og fjölskyldusviðs að setja sig í samband við Elinborgu og ræða lausnir á húsnæðisvanda Tónlistarskólans og koma með tillögur til úrbóta til fræðsluráðs.

Ekki fleira tekið fyrri fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 16:45

Magnús Magnússon

Valdimar Gunnlaugsson

Sigrún Waage

G. Kristín Ólafsdóttir

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir